

RARIK ohf  
Haraldur Jónatan Klausen  
Bíldshöfða 9  
110 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023  
UST202305-149/B.S.  
10.05.04

### **Efni: Strenglögn um Blábjörg á Berufjarðarströnd. Umsögn**

Vísað er til erindis RARIK ohf dags. 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhugað er að plægja niður tvo jarðstrengi sem eru annars vegar 33 kv og hins vegar 11 kv. Strengirnir verða plægðir niður í raskað land, annars vegar tún og hins vegar með þjóðvegi.

Síðar munu samsvarandi loftlínur á svæðinu verða rifnar með tilheyrandi jákvæðum sjónrænum áhrifum.

Umhverfisstofnun telur að reynslan hafi sýnt að þegar plægt er í þurrki og plógfar jafnað eru ummerki fljót að hverfa. Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar nema með leyfi landeigenda, Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Stofnunin vill vekja athygli á að hér er stofnunin að veita umsögn varðandi fyrirhuguðu framkvæmd, en ekki leyfi til framkvæmda innan marka náttúruvættisins.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Bl%3a1bj%3b6rg-Berufir%3b0i-B\\_nr\\_250\\_2013.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Bl%3a1bj%3b6rg-Berufir%3b0i-B_nr_250_2013.pdf)